Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 26. febrúar 2026
26021323/003.05 IÝP

Ágrip - Nemendagrunnur Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu

Á fundi menntaráðs 3. mars 2026 kynnir Jakob Sindri Þórsson, sérfræðingur á skrifstofu þróunar og stafrænna umbóta, nýjan nemendagrunn sem Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hefur þróað og er nýttur af öllum sveitarfélögum á Íslandi.

Nemendagrunnur er miðlægur gagnagrunnur sem geymir áreiðanlegar og samræmdar upplýsingar um alla nemendur á grunnskólaaldri á Íslandi.

Markmiðið með nemendagrunni er að tryggja að réttar upplýsingar fylgi hverju barni í gegnum alla skólagöngu þess frá leikskóla til framhaldsskóla og áfram í nám og þjálfun.

Fyrsta útgáfa nemendagrunns er farin í loftið í grunnskólum landsins. Líkt og áður sagði mun hann á endanum ná yfir nemendur á öðrum skólastigum, frá leikskóla og að háskólanámi.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir,
deildarstjóri grunnskóladeildar

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026